Hvorki Grímsvatnagos né Dalvíkurjarðskjálfti höfðu verið hluti af rannsóknaráætlun Sigurðar sem hann lýsti í útvarpsfyrirlestri vorið 1934. Í fyrirlestri-num, *Mýrarnar tala* sem birtist síðar í *Náttúrufræðingnum*, lýsti hann þeirri áætlun sinni að beita frjókornagreiningu til að lesa 10.000 ára sögu jarðvegs og gróðurs á Íslandi. Með það í huga tók hann upp samvinnu við Hákon Bjarnason skógræktarstjóra um könnun á gosóskulögum í jarðvegi, en báðir höfðu átt að sig á gildi þeirra sem leiðarlaga. Árangur þeirrar samvinnu birtist í *Geografisk Tidsskrift* 1940 þar sem útbreiðsla þriggja efstu ljósu öskulaganna á Norður-

og Austurlandi var sýnd á korti og þau talin vera Askja 1875, Örafajökull 1727 og Hekla 1300 – síðarnefndu lögin tvö greindi Sigurður síðar sem Ö 1362 og H 1104 (1. mynd).

Jöklafræði

Grímsvatnagosíð og jökulhlaupið 1934 mörkuðu upphaf hálftrar aldar samskipta Sigurðar og Vatnajökuls, íss hans og elda. Jöklarnir urðu næst-mikilvægustu viðfangsefni rannsókna hans á eftir eldfjöllum landsins. Sumarið 1935 tók hann þátt í leiðangri Pálma Hannessonar á Eyjabakkajökul, og mestallt vorið og sumarið 1936 í miklu sænsk-íslensku jöklafræðiátaki á austanverðum Vatnajökli undir stjórn Jóns Eyþórssonar og Hans Ahlmann. Íslensku jöklarnir ryrnuðu nú óðum eftir að hafa náð mestri útbreiðslu síðustu 10.000 ára á efri hluta 19. aldar, og Alþjóðlega jökla-nefndin hvatti til þess að reglubundnar mælingar væru gerðar á framskriði og hopi skriðjökla. Þeir Jón og Ahlmann stefndu þó hærra: að leita veðurfars- og jöklafræðilegra orsaka þessara breytinga og þannig jafnvel að varpa ljósi á orsakir ísalda og hegðun ísaldarjökla.

Besta leiðin, og raunar hin eina áreiðanlega til að mæla afkomu jökuls, er sú að grafa gryfjur eða bora gegnum árlag snævarins. Sumarið 1936 var heppi-legt til þessa, því askan frá Grímsvatnagosinu 1934 myndaði auðþekkjanlegt lag. Frá maíbyrjun til miðs júní voru leiðangursmenn sex og grófu m.a. 12 djúpar gryfjur, allt að 7 m, gegnum vetrarlagið frá 1935–1936 og boruðu síðan með kjarnabor niður á öskuna frá 1934. Auk snjóþykktarinnar mældu þeir í gryfjunum hitastig og eðlisþyngd snævarins og gerðu ýmsar athuganir á ástandi hans. Jafnframt gerðu þeir reglu- legar veðurmælingar, grófu ótal grynri gryfjur og ráku niður bambusstikur til að fylgjast með afkom- unni frá degi til dags. Um miðjan júní fóru allir til byggða nema Sigurður og sænskur samstúdent hans sem voru á jökli til 15. ágúst að fylgjast með gryfjum og stikum.

Sigurður hélt áfram rannsóknum á Vatnajökli næstu tvö sumur, 1937 og 1938, og saman birtu þeir Ahlmann nífu greinar um niðurstöðurnar í *Geogra- fiska Annaler*. Þeirra á meðal voru tvær prófritgerðir Sigurðar, um Hoffellsjökul (1937) og um jökulstífluð

vötn á Íslandi (1938). Ritgerðasafn þetta var gefið út sérprentað 1943 undir heitinu *Vatnajökull. Scientific Results of the Swedish-Icelandic Investigations 1936-37-38*, 306 blaðsíðna bók. Ennfremur birti Sigurður árið 1940 yfirlitsgrein sem mikið var vitnað í, um rúmmál og hopun jökla um allan heim og breytingar á sjávarstöðu vegna þess.

Eftir Vatnajökulsrannsóknirnar á 4. áratugnum liðu næstum tíu ár þar til Sigurður sté fæti á jökulinn aftur, í ágústmánuði 1946. Sá leiðangur, sem Steinþór Sigurðsson stýrði og notaði vélsleða í fyrsta sinn á Vatnajökli, beindist einkum að Grímsvötnum, en veturinn áður hafði Sigurður kannað heimildir um eldgos í Vatnajökli og jökulhlaup tengd þeim. Meðal annars var mæld stærð þess svæðis sem hallar inn að Grímsvatnalægðinni og ákoman innan þess. Þremur áratugum síðar (1974) birti Sigurður árangur þeirra rannsókna sem þarna hófust, í bókinni *Vötnin stríð. Saga Skeiðarárhlaupa og Grímsvatnagosa*.

Árið 1952 flutti Sigurður erindi um Grímsvötn í Breska jöklarannsóknafélaginu í Cambridge þar sem hann skýrði óumdeilt samband eldgosa og jökulhlaupa með nýjum hætti. Þá trúðu flestir kenningu Danans Nielsar Nielsen – að ísbráðnun í Grímsvötnum af völdum gossins valdi hlaupi – en Sigurður sýndi með gildum rökum fram á hið gagnstæða: Þrýstílettir í öskjunni vegna hlaupsins getur komið gosi af stað. Þetta líkan, sem upphaflega var byggt á rannsóknum hans á hlaupum úr jökulstífluðum lönnum, er nú almennt talið gilda um þau eldgos innan Grímsvatn-öskjunnar sem fylgja jökulhlaupum.

Sigurður birti um dagana 30 vísindagreinar um jöklafræði auk fyrrnefndrar bókar um Grímsvötn, 30 smærri greinar tengdar jökulum og jöklaferðum og 24 blaða- og tímaritagreinar fyrir almennig. Hann var forseti Jöklarannsóknafélagsins frá 1969 til dauðadags, stjórnaði frá árinu 1953 flestum árlegum leiðöngrum þess á Vatnajökul, og skrifaði mikið í tímarit félagsins, *Jökul*.

Þjórsárdalur 1939

Sumarið 1939 tók Sigurður þátt í uppgreftri norræna fornleifafræðinga í Þjórsárdal. Daninn Aage Roussell og Kristján Eldjárn fóru fyrir uppgreftri á Stöng en Matthías Þórðarson stýrði verkinu á Skeljastöðum þar

sem 66 beinagrindur voru grafnar upp úr kirkjugarðinum og rannsakaðar af Jóni Steffensen læknaprófessor. Rústirnar voru sýnilega grafnar undir þykku lagi af ljósum vikri og hlutverk Sigurðar var að ákvarða aldur hans og þar með eyðingar dalsins. Niðurstaða hans var sú að askan væri úr Heklugosinu 1300 sem er vel lýst í annálum: ferlegt gos sem dreifði ösku yfir Mið-Norðurland milli Vatnsskarðs og Óxarfjarðarheiðar en glóandi vikur brenndi þök af bænum í Næfurholti, 18 km í burtu. Byggt á þessum lýsingum höfðu þeir Sigurður og Hákon Bjarnason tengt efra ljósa lagið á Norðurlandi við H 1300 í *Geografisk Tidsskrift* 1940. Slíkt eldgos hlyti að hafa skilið eftir sig þykkun og grófan vikur í Þjórsárdal, 18 km norðan við Heklu, og árið 1939 hafði Sigurður ekki fundið í dalnum neina gosösku sem samrýmst gæti lýsingum á 1300-gosinu aðra en þá sem lá ofan á byggðarústunum.

Ýmsir urðu til að véfengja þær niðurstöður Sigurðar að Þjórsárdalur hefði eyðst af völdum eldgoss árið 1300, þvert á móti bentu rök til þess að dalurinn hefði eyðst í hallæri kringum 1050. Margir bæir höfðu verið í Þjórsárdal þannig að á 300 árum hefðu fleiri en 66 verið grafnir í Skeljastaðakirkjugarði frá kristnitöku árið 1000. Sigurður lét ekki sannfærast og benti á að á liðnum árum hefði óþekktur fjöldi beinagrinda verið fjarlægður úr kirkjugarðinum, sem var að blása upp.

Heklugosið 1947–1948 varð íslenskum jarðvísindamönnum mjög lærdómsríkt. Sigurður veitti því athygli að þrátt fyrir öflugan upphafshrinu myndaðist lítið af ljósum vikri. Jafnframt var vikurinn kísilsnauðari en ljósu lögin á Norðurlandi og í Þjórsárdal, 62% SiO₂ samanborið við 67%. Þetta vakti þá hugmynd að stóru kísilríku lögin marki upphaf nýrrar *eldgosahrinu* en síðari gos hrinunnar verði ævinlega smærri og kísilsnauðari. Einnig varð ljóst að mestur hluti gjóskunnar kemur upp á stuttum tíma í byrjun gossins og myndar því mjóan gjóskugeira hið næsta eldstöðinni. Af þeim sökum má ekki hafa langt milli öskulagasniða kringum eldstöðina ef tengja á lögin réttum gosum af öryggi. Með þetta í huga hóf Sigurður það verk, sem ásamt öðru tók hann mörg sumur, að mæla upp öskulagasnið kringum Heklu. Þá kom í ljós að dökkt lag sem hann hafði merkt sem H 1693 í Þjórsárdalsrannsókninni 1939 var í raun H 1300, en

meginás gjóskugeirans lá nokkru austan við Stöng. Í ljósi þess hve sérstætt að stærð og efnasamsetningu ljósa lagið í Þjórsárdal og á Norðurlandi er, hlaut það að tengjast þeim stað í annálum þar sem stuttlega segir fyrir árið 1104: „Elds uppkoma hin fyrsta í Heklu-felli.“ Í grein í *Þjóðviljanum* 1949, „Sitt af hverju um sumarrannsóknir,“ lýsti Sigurður ártalið 1104 vera hið rétta fyrir aldur Þjórsárdalsvikursins.

Gátan um beinagrindurnar 66 leystist ekki fyrr en 15 árum síðar þegar Sigurður komst að því að íslenskur mannfræðinemi, Eiður Kvaran, hefði grafið upp um 30 beinagrindur á Skeljastöðum árið 1935 og haft með sér til Þýskalands. Þar með var tala beinagrinda full-orðinna í kirkjugarðinum orðin nær 100, sem samkvæmt útreikningum Jóns Steffensen svaraði til þess að byggðin hefði farið í eyði kringum aldamótin 1100.

Tefrokronologiska studier på Island

Ófriðurinn sem hófst 1939 olli því að Sigurður „lok-aðist inni“ í Svíþjóð. Þá urðu að engu áform hans um framhald rannsókna í Þjórsárdal 1939 næstu tvö sumrin sem beinast skyldu að landfræðilegri þróun Íslands eftir ísöld, og einkum breytingum á loftslagi og gróðurfari á fyrstu öldum byggðar í landinu. Í staðinn sneri hann sér að heimildarannsóknum sem urðu mikilvægur þáttur í doktorsritgerð hans 1944. Íslenskar heimildir var fyrst og fremst að finna í Kaupmannahöfn og af fræðimönnum, sem við handritin voru að fást, lærði hann að nota þau og meta sanngildi þeirra. Einnig kom menntaskólakunnátta hans í latínu, og nokkur grískuþekking, að góðum notum. Í *Meteorologica* eftir Aristoteles fann hann orðið *tefra* yfir eldfjallaösku, í lýsingu á eldgosi á eygni Vulcano. Orðið *tefra* var síðar þýtt með nýyrðinu gjóska.

Doktorsritgerð Sigurðar, *Tefrokronologiska studier på Island*, sem hann varði við háskólann í Stokkhólmi 1944, skiptist í tvo meginhluta. Í hinum fyrri er lýst gjóskulagarannsóknum fram til 1939, með sérstakri áherslu á vinnuna í Þjórsárdal. Þar er gerð grein fyrir öskusniðum, rituðum heimildum, efnasamsetningu ýmissa öskulaga og samanburði við ljósbrot þeirra, og einnig er lýst ítarlega Öskjugosinu 1875, öskulaginu, veðurfari o. s. frv., sem velþekktu líkani til samanburðar við hin eldri öskulög. Má segja að Sigurður noti þarna við rannsóknina nær allar þær aðferðir sem enn eru notaðar í gjóskulagafræði aðrar en

kornastærðagreiningu og efnamælingar með örgreini. Síðarnefnda aðferðin kom ekki fram fyrr en áratugum seinna, en í ritgerðinni leggur Sigurður til að mat á kornastærð gosmalar sé staðlað á sama hátt og tekið hafði verið upp við lýsingu á seti. Einnig tók hann upp stöðluð myndtákn á gjóskulagasníðum sínum fyrir hinar ýmsu gerðir og kornastærðir gjóska.

Síðari hluti ritgerðarinnar er meira í ætt við upphaflega áætlun Sigurðar að kanna umhverfisáhrif landnáms og búsetu Íslendinga í landi sínu. Þar er lýst frjókornasniðum frá Skallakoti og Stöng í Þjórsárdal og í báðum koma fram skörp skil í gróðurfari rétt ofan við lagið VIIa+b, sem nú kallast „landnámslagið“ og féll samkvæmt aldursgreiningu í jökulkjarna á Grænlandi árið 871 (± 2 ár). Birkifrjóum fækkar skyndilega en í staðinn fjölga frjóum jurta sem tengjast búsetu manna: grastegunda, illgresis, byggs og e. t. v. hafra, mjaðarlyngs til ölgerðar, malurtar til lækninga. Í framhaldi af þessu kannaði Sigurður sögu kornræktar á Íslandi, út frá örnefnum og verslunarskýrslum, og virtist honum að kornrækt hefði lagst af á Norður- og Austurlandi fyrir lok 12. aldar og dregið mjög úr henni í öðrum landshlutum á 13. og 14. öld. Hins vegar taldi hann að við sunnanverðan Faxaflóa hafi kornrækt verið stunduð til loka 16. aldar. Loks lýsti hann viðarkolalagi, 1–2 cm þykku, í sniðum sínum kringum rústir í Þjórsárdal og víðar. Lagið rakti hann til sviðningar landnámsmanna, sem þannig hefðu eytt birkikjarri kringum bæi sína til að bæta og auka graslendi. Yfirlit yfir sviðningu í Skandinavíu og á Bretlandaeypjum benti til þess að sú aðferð, sem hér var notuð á landsnámsöld og alveg lagðist af fyrir 1200, hafi á þeim tíma helst verið við lýði í austanverðri Skandinavíu, Svíþjóð og Finnlandi. Þetta þótti styðja hugmyndir Barða Guðmundssonar um austurnorræna hlutdeild í landnámi Íslendinga. Þannig fjallar doktorsritgerð Sigurðar jöfnum höndum um eldfjallafræði og Íslandssögu. Sagnfræðilegar niðurstöður hennar birti hann síðan á íslensku í greinasafninu *Skrafað og skrifað* (1948), í ritgerðunum *Frjólínuritid frá Skallakoti og Sviðning á Íslandi til forna*. Með þeim lauk afskiptum hans af frjókornagreiningu, sem í upphafi áttu að vera megintilgangur mýrarannsóknna hans hér undir áhrifum von Posts, og öskulögin áttu að styðja. Nú voru þau orðin tilgangur í sjálfum sér.

Hekla 1947–1948

Heklugosið 1947 kom á heppilegum tíma fyrir Sigurð Þórarinsson. Gosið hófst 29. mars og stóð í 13 mánuði, þannig að gott ráðrúm gafst til að rannsaka hina ýmsu þætti þess. Sigurði hafði snemma orðið ljóst að Hekla var lykillinn að íslensku gjóskutímatali, öskulög hennar og gossaga. Rannsóknir þeirra Hákonar Bjarnasonar á 4. áratugnum höfðu einkum beinst að ljósu lögunum á Norður- og Austurlandi, og fyrstu gjóskulagasið sín kringum Heklu gróf Sigurður í Þjórsárdal 1939. Þá var lítið vitað um Heklugos, hvorki til dæmis að samsetning gosefna breytist með tímanum né að meginhluti gjóskunnar kemur upp á tiltölulega mjög skömmum tíma. Þess vegna myndar gjóskan í hverju gosi oftast mjóan geira með ákveðinni stefnu sem ræðst af vindátt við upphaf gossins. Þegar Sigurður var að vinna úr gögnum sínum frá 1939 urðu ýmis þessara vandamála honum ljós og kölluðu á frekari vinnu að stríðinu loknu. Þegar árið 1945 byrjaði hann að grafa gjóskulagasið kringum Heklu, en sú vinna margefðist við gosið.

Heklugosið vakti gríðarlega eftirtekt á Íslandi og að lokum var talið að hálf þjóðin hefði séð það. Einnig var það fyrsta eldgosið sem íslenskir vísindamenn rannsökuðu, og vinna þeirra var vel skipulögð frá upphafi. Vísindafélag Íslendinga efndi ásamt Náttúrugripasafninu til fimm-binda ritraðar á ensku um rannsóknirnar undir ritstjórn Trausta Einarssonar, Guðmundar Kjartanssonar og Sigurðar Þórarinssonar. Sigurður skrifaði sjálfur fjórar greinar í Hekluritið, um 300 blaðsíður alls. Hin fyrsta (1950) lýsir aðdraganda og upphafi gossins samkvæmt lýsingum 20 „sjónarvotta“. Fólk varð engra jarðhræringa vart fyrir gosið en húsdýr virtust finna einhvern titring 3–4 sólarhringa á undan. Nóttina fyrir gosið virtist titringurinn hafa magnast og fundist í allt að 100 km fjarlægð. Sýnilegt gos hófst 29. mars kl. 6:41, sterkur jarðskjálfti varð kl. 6:50 og kl. 7 hafði gosmökkurinn náð 26 km hæð. Einnig safnaði Sigurður ljósmyndum af upphafi gossins sem Trausti Einarsson vann úr.

Önnur grein Sigurðar í Hekluritinu (1954) fjallar um öskufallið fyrsta dag gossins. Þar er að finna ýmsar nýjar hugmyndir og nýngar í framsetningu. Árangur 96 mældra sýnishorna er tekinn saman í korti sem sýnir dreifingu grábrúnnar gjósku, annars vegar,

og svartbrúnnar hins vegar, en logri (lógarithmi) með-alkornastærðar gjóskukorna myndar línulegt samband við fjarlægð frá eldfjallinu (2. mynd). Ferð gjóskunnar frá Heklu um Skotland til Finnlands er rakin og skýrð með aðstoð sex veðurkorta. Og lokst birtist þarna í fyrsta sinn eitt kunnasta graf Sigurðar, samband SiO₂-hlutfalls í upphafsgjósku hvers Heklugoss og tímalengdar frá næsta gosi á undan (3. mynd).

Mesta grein Sigurðar í Hekluritið og hin þriðja var bókinn *The eruptions of Hekla in historical times. A tephrochronological study* (1967), sem ári síðar kom út á íslensku undir nafninu *Heklueldar*. Þar rekur hann allt sem ritað hafði verið um Heklugos til og með 1693 en gerir um síðari gos útdrátt úr sívaxandi magni gagna. Þá birtir hann þykktar- og útbreiðslukort gjósku úr sjö Heklugosum frá 1104 til 1947, byggð á fjölda gjóskusniða. Upplýsingar um öll 14 gjóskulögin frá Heklu frá 1104 til 1947 eru dregnar saman í tvær myndir: önnur sýnir þykkt allra gjóskulaganna 15 km frá Heklu (5. mynd) og hin alla gjóskugeirana sem örvar á korti (4. mynd).

Í fjórðu og síðustu grein sinni í Hekluritinu (1976) birtir Sigurður lýsingu á gangi gossins frá degi til dags og tekur saman í eitt graf hina ýmsu þætti þess sem fall af tíma: gjóskumyndun, hraunrennsli, jarðskjálfta, gossprengingar, virkni í hinum ýmsu gígum.

Rannsóknirnar sem lýst er í Hekluritinu urðu hin mesta lyftistöng fyrir íslensk jarðvísindi og enn er vísuð til sumra greinanna, ekki síst lýsinga Sigurðar. Eftir Heklugosið 1947 var almennt talið að öld mundi líða áður en fjallið gysi aftur, en það rættist ekki því meðan Sigurður lifði urðu tvö Heklugos, 1970 og 1980–1981 (og eftir hans dag 1991 og 2000). Sigurður, sem nú var jafnt heima sem heiman viðurkenndur sem fremsti eldfjallafræðingur Íslendinga, tók virkan þátt í rannsókn beggja gosa.

Gjóskulögin tala

Sumarið 1948 kom hingað leiðangur 15 sænskra landfræðinga undir stjórn Hans Ahlmann og ferðuðust þeir um Suðurland undir leiðsögn Sigurðar. Eftir þann stutta leiðangur skrifaði hann grein í *Geografiska Annaler* (1949) um notkun gjóskulaga við aldursgreiningu á sviði jöklafræði og eldfjallafræði þar sem lýst er könnun á aldri jökulurða við Hagafellsjökul eystri, aldri Geysis í Haukadal og Helgafells-

hrauns í Vestmannaeyjum. Í ljósi þessa árangurs stakk Ahlmann upp á því að nýta mætti gjóskulög við könnun á frostmyndunum í jarðvegi á Íslandi (1951) sem leiddi til frekari rannsókna á því sviði. Þetta Íslandsævintýri Svíanna varð upphaf að árlegum ferðum norrænna jarð- og landfræðinga til Íslands sem hófust 1964 og var Sigurður aðalleiðsögumaður í þeim öllum til dánardægurs. Jafnframt leiddi það óbeint til stofnunar Norrænu eldfjallastöðvarinnar í Reykjavík 1974.

Kringum 1950 vann Sigurður talsvert við frumrannsóknir vegna áætlana um virkjanir, þeirra á meðal í Laxá og Jökulsá á Fjöllum. Það leiddi til könnunar á jarðsögu Mývatnssvæðisins, sem hann átti eftir að skrifa um margar ritgerðir. Sömuleiðis beitti hann gjóskulögum til að rekja breytingar í farvegi Jökulsár og þróun gljúfursins.

Áður en aldursgreining með geislakoli kom fram árið 1949 voru, eins og fyrr sagði, einu aðferðirnar til beinna („absólút“) aldursgreininga ungra jarðmyndana talningar hvarfleirs og trjáhringa. Við þetta vopnabúr bætti Sigurður gjóskutímatalinu, byggðu á rituðum heimildum. Árið 1954 birti hann grein um aldursgreiningu í jarðfræði, og ári síðar hafði hann látið geislakols-aldursgreina stóru forsögulegu Hekluögin þrjú, H3, H4 og H5 og þannig lengt jarðfræðilegt tímatal Íslands aftur í 7000 ár.

Hlaup í Múlavísl 1955 leiddi til þess að Sigurður fór að kanna gossögu Kötlu og óteljandi gjóskulög hennar, öll svört og að því er virtist ógreinanglegt hvert frá öðru. Loks tuttugu árum síðar, þegaraska frá Örafajökulsgosinu 1362 hafði fundist á Kerlingardalsheiði og þannig tekist að tengja Kötluögin gjóskutímatalinu, gat Sigurður skrifað greinina *Katla og annáll Kötlugosa* (1975). Sú ritgerð, og síðari vinna yngri manna á svæðinu, hefur styrkt mjög við rannsóknir í eldfjallafræði og fornleifafræði kringum eldstöðina.

Árið 1956 birtust í *Náttúrufræðingnum* þrjár samstæðar greinar um fjörumóinn í Seltjörn á Seltjarnarnesi, Sigurður skrifaði um gjóskulög í mónum, Þorleifur Einarsson um frjókorn og Jón Jónsson um kísilþörungum. Færð voru að því rök að á síðustu 3000 árum hafi landsig í Reykjavík verið um 15 cm á öld að meðaltali. Og árið 1958 birtist 100 síðna ritgerð Sig-

urðar um Örafajökulsgosið 1362 sem lagði sveitina Litlahérað í Austur-Skaftafellssýslu í eyði um sinn. Rúmmál gjóskulagsins, sem þeir Sigurður og Hákon Bjarnason höfðu kortlagt á fjórða áratugnum og talið vera frá gosinu 1727, taldi Sigurður vera 10 rúmkílómetra og gosið hið mesta frá landnámi Íslands.

Þegar Sigurður hóf mýrarannsóknir sínar 1934 var einn megintilgangurinn að kanna sögu uppblásturs á Íslandi, og árið 1961 birti hann mikla ritgerð um það efni í *Ársriti Skógræktarfélags Íslands*. Þar eru öskulögin notuð til að mæla áfok, og þar með uppblástur jarðvegs síðan ísaldarjökla leysti. Í ljós kemur að jarðvegsþykknun var næsta hæg og jöfn þar til skógeyðing og búfjárbreit höfst með landnámi (6. mynd).

Á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var á Íslandi 1980, „Tephra Studies as a Tool in Quaternary Research“, flutti Sigurður yfirlitsfyrirlestur um gjóskulög og notkun þeirra hér á landi. Þar lýsti hann níu rannsóknasviðum sem nýtt hefðu gjóskulagafræði þau 40 ár sem liðin voru frá því grein þeirra Hákonar Bjarnason birtist árið 1940: eldfjallafræði, fornleifafræði, saga gróðurfars út frá frjókornum, vatnsrof (t.d. Jökulsárgljúfur), vindrof (uppblástur), frostmyndanir í jarðvegi (t.d. frostsprungur), aldursákvörðun á jökulís (t.d. í borkjörnum), aldursgreining jökulgarða (framskrið og hop skriðjökla) og tenging íslenskra gjóskulaga við gjóskutímatal nálægra landa.

Síðari rannsóknir í eldfjallafræði

Sigurður Þórarinnsson taldi að fimm ár að meðaltali hafi liðið milli eldgosa á Íslandi síðastliðnar þrjár aldir. Á 49 árum starfsævi hans, 1934 til 1983, var meðallengdin milli gosa heldur lengri, eða 5,4 ár. En Öskjugosið 1961 virðist marka upphaf goshrinu þannig að á 50 árum milli 1961 og 2011 hefur meðallengdin milli gosa verið 3,6 ár.

Öskjugosið 1961 var annað eldgosið sem Sigurður varð vitni að, eftir Heklu 1947–1948, og til dánardægurs hans í febrúar 1983 missti hann ekki af einu einasta gosi á Íslandi. Þótt Öskjugosið væri að hans mati „lítið og ómerkilegt“ í samanburði við Heklu 1947–1948 og Öskju 1875 fylgdist hann með því af áhuga, skrifaði um það í fræðirit og gaf út bók fyrir almennig. Sumarið 1967, þegar Askja varð jarðfræðilegur æfingavettvangur tilvonandi tunglfara

Apollo-áætlunarinnar, var hann svo helsti leiðsögu-
maður þeirra.

Í Surtseyjargosinu 1963–1967 gafst íslenskum jarðvísindamönnum í fyrsta sinn tækifæri að fylgjast með eldgosu undir vatni, en við slík gos urðu til hinar óteljandi móbergsmyndanir landsins. Sigurður tók virkan þátt í rannsóknunum og þegar árið 1964 birtist eftir hann bók um gosið, og með samstarfsmönnum tvær fræðigreinar. Næstu árin birti hann margar greinar um Surtsey á ýmsum tungumálum; árið 1967 kom út eftir hann á ensku yfirlitsbók um gosið allt. Einnig notaði hann tækifærið til að skrifa um fyrri neðansjávargos við Ísland (1965).

Eftir Heklugosið 1947–1948 töldu menn, í ljósi sögunnar, að næsta Heklugoss væri ekki að vænta fyrr en eftir eina öld. En eins og oft vill verða með slíka spádóma gaus Hekla aftur 1970 litlu gosi, og síðan 1980, 1991 og 2000. Sigurður var fljótur eins og fyrri daginn að koma lýsingum á 1970-gosinu á prent, með bók sama ár og vísindagrein árið 1972.

Upp úr 1960 tók jarðvísindamönnum mjög að fjölga á Íslandi, og enn fremur eftir að slík kennsla var tekin upp við Háskóli Íslands 1968. Sigurður lét þá þau orð falla í blaðaviðtali að vel færi á því að yngri menn og sprækari tækju við að fylgjast með gjósandi fjöllum í landinu. Þrátt fyrir það var hann framarlega í flokki við rannsókn Heimaeyjargossins 1973 og fyrsti höfundur greinar sem birtist í *Nature* um mánuði eftir að gosið hófst. Kröflueldar 1974–1985 gáfu honum tilefni til að skrifa *The postglacial history of the Mývatn area* (1979), viðfangsefni sem hann hafði unnið að frá því upp úr 1950. Þá skrifaði hann með öðrum grein í *Nature* um lítið gjóskulag sem myndaðist við gos upp úr jarðhitaborholu. Lýsing á Heklugosinu 1980–1981, hin síðasta sem hann skrifaði, birtist árið 1983 að honum látnum. Þannig urðu fyrsta og síðasta eldgos sem Sigurður sá um dagana í Heklu, því fræga fjalli sem hann hafði rannsakað manna mest og byggt á gjóskutímatali sitt. Þótt undarlegt megi teljast sá hann aldrei gos í Grímsvötnum, virkustu eldstöð landsins, sem hafði kallað hann til sín 1934 frá öðrum verkum og áformum. Þrátt fyrir það lagði enginn meira en hann að þekkingu á gossögu og skilningi á virkni Grímsvatnagosa.

Frægasti jarðfræðingur Íslands

Helstu sérsvið Sigurðar innan jarðvísindanna voru jöklafræði, landmótunarfræði og eldfjallafræði, sér í lagi gjóskulagafræðin sem hann hafði sjálfur lagt heiminum til. Hann átti auðvelt með að skrifa og allt frá námsárum sínum í Svíþjóð var hann sískrifandi, jafnt um önnur efni sem um jarð- og landfræði. Meðal ritverka hans eru umsagnir um erlendar bækur um Ísland og um nútímabókmenntir á Íslandi og hinum Norðurlöndunum; enn fremur greinar um vísindasögu og Íslandssögu (árið 1961 var hann kjörinn heiðursdoktor í sagnfræði við Háskóla Íslands). Skrif hans um náttúruvernd kringum 1950 urðu til þess að honum var falið ásamt öðrum að semja fyrstu náttúruverndarlög landsins sem tóku gildi 1956. Einnig átti hann frumkvæði að fyrstu friðlýsingu jarðfræðilega merkilegra svæða á landinu, Skaftafells í Örafum og Jökulsárgljúfra, en á báðum stöðum er nú fólkvangur.

Auk sinna mörgu læsilegu bóka og greina varð Sigurður eftirsóttur víða um lönd sem fyrirlesari á ráðstefnum og í háskólum. Eftir Heklugosið 1947–1948 ferðaðist hann um og talaði undir kvikmynd sem tekin var af gosinu frá upphafi til enda; einnig gerðist hann heppinn ljósmyndari og slyngur að beita lit-skygnum í fyrirlestur sínum. Hér á landi var hann að sjálfsögðu mikils metinn sem vísindamaður, en var þó að eigin mati ennþá þekktari fyrir söngtexta sína. Söngvar Sigurðar eru enn sungnir nú á aldarafmælisári hans en sennilega verður það þó sköpunarverk hans, gjóskutímatalið, sem lengst heldur nafni hans á lofti.

REFERENCES

- A complete list of Sigurður Þórarinsson's publications can be found in the festschrift *Eldur er í norðri* (Sögufélag, Reykjavík 1982), with additions in *Jökull* 34, p. 186 and 36, p. 10.
- Ahlmann, H. W. and S. Thorarinsson 1943. *Vatnajökull. Scientific Results of the Swedish-Icelandic Investigations 1936-37-38*. ESSELTE, Stockholm, 306 pp.
- Arnold, J. R. and W. F. Libby 1949. Age Determinations by Radiocarbon Content: Checks with Samples of Known Age. *Science* 110, 678–680.

- Bjarnason, H. and S. Þórarinnsson 1940. Datering of vulkanska asklager í isländsk jordmån. *Geogr. Tidsskr.* 43, 5–30.
- Einarsson, T. 1950. A study of the earliest photographs of the eruption. *The Eruption of Hekla 1947–1948* II, 2, 15 pp + 14 plates.
- Friedman, J. D., C. E. Johansson, N. Oskarsson, H. Svensson, S. Þórarinnsson and R. S. Williams Jr. 1971. Observations on Icelandic polygon surfaces and palsa areas. *Geogr. Ann. Stockh.* 53, Ser. A, 115–145.
- Grönvold, K., G. Larsen, P. Einarsson, S. Þórarinnsson and K. Saemundsson 1983. The Hekla eruption 1980–1981. *Bull. Volcanol.* 46, 349–363.
- Larsen, G., K. Grönvold and S. Þórarinnsson 1979. Volcanic eruption through a geothermal borehole at Námafjall, Iceland. *Nature* 278, 707–710.
- Sigvaldason, G. E., S. Þórarinnsson, Th. Einarsson and G. Elísson 1964. The submarine eruption off the Vestman Islands. *Bull. Volcanol.* 27, 1–11 + 18 plates.
- Þórarinnsson, S. 1940. Present glacier shrinkage and eustatic changes of sea-level. *Geogr. Ann. Stockh.* 22, 139–159.
- Þórarinnsson, S. 1943. Þjórsárdalur och dess förödelse. *Fornfunda Gårdar*. Ed. M. Stenberger, 9–52.
- Þórarinnsson, S. 1944. Tefrokronologiska studier på Island. *Þjórsárdalur och dess förödelse*. E. Munksgaard, København, 217 pp.
- Þórarinnsson, S. 1948. Frjókornalínuritið frá Skallakoti. *Skrafað og skrifað*. Helgafell, Reykjavík, 190 pp.
- Þórarinnsson, S. 1948. Sviðning á Íslandi til forna. *Skrafað og skrifað*. Helgafell, Reykjavík, 190 pp.
- Þórarinnsson, S. 1949. Sitt af hverju um sumarrannsóknir. *Þjóðviljinn* 7. sept.
- Þórarinnsson, S. 1949. Some tephrochronological contributions to the volcanology and glaciology of Iceland. *Geogr. Ann. Stockh.* 31, 239–256.
- Þórarinnsson, S. 1950. The approach and beginning of the Hekla eruption. Eyewitness accounts. *The Eruption of Hekla 1947–1948* II, 1, 23 pp.
- Þórarinnsson, S. 1951. Laxárgljúfur and Laxárhraun. A tephrochronological study. *Geogr. Ann. Stockh.* 33, 1–80.
- Þórarinnsson, S. 1951. Notes on patterned ground in Iceland. *Geogr. Ann. Stockh.* 33, 144–156.
- Þórarinnsson, S. 1953. Some new aspects of the Grímsvötn problem. *J. Glaciol.* 2, 267–274.
- Þórarinnsson, S. 1954. The tephra-fall from Hekla on March 29th 1947. *The Eruption of Hekla 1947–1948* II, 3, 68 pp.
- Þórarinnsson, S. 1954. Tímatal í jarðsögunni. *Andvari* 79, 31–55.
- Þórarinnsson, S. 1955. Nákuðungslögin við Húnaflóa. *Náttúrufræðingurinn* 25, 172–186.
- Þórarinnsson, S. 1956. Mórinn í Seltjörn. *Náttúrufræðingurinn* 26, 179–192.
- Þórarinnsson, S. 1958. The Öræfajökull Eruption of 1362. *Acta Naturalia Islandica* II, 2, 100 pp.
- Þórarinnsson, S. 1960. Der Jökulsá-Canyon und Ásbyrgi. *Petermanns Geographischen Mitteilungen* 104, 154–162.
- Þórarinnsson, S. 1961. Wind erosion in Iceland. A tephrochronological study. *Ársrit Skógræktarfélags Íslands* 17–54 (Icelandic with English abstract).
- Þórarinnsson, S. 1963. *Eldur í Öskju*. (Askja on Fire.) Almenna bókafélagið, Reykjavík, 55 pp. + 40 plates.
- Þórarinnsson, S. 1964. *Surtsey*. *Eyjan nýja í Atlantshafi*. (The new island in the North Atlantic.) Almenna bókafélagið, Reykjavík, 63 pp. + 46 plates.
- Þórarinnsson, S. 1965. Submarine eruptions off the coasts of Iceland. *Náttúrufræðingurinn* 35, 47–74. (Icelandic with English abstract).
- Þórarinnsson, S. 1967. Beinagrindur og bókarspennli. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 50–58.
- Þórarinnsson, S. 1967. *Surtsey*. *The new island in the North Atlantic*. Viking Press, Inc. New York, 47 pp. + 58 plates. (Update of the 1964-book)
- Þórarinnsson, S. 1967. The eruption of Hekla in historical times. A tephrochronological study. *The Eruption of Hekla 1947–1948* I, 183 pp.
- Þórarinnsson, S. 1968. *Heklueldar*. Sögufélag, Reykjavík, 185 pp. + 16 plates.
- Þórarinnsson, S. 1970. *Hekla*. *A notorious volcano*. Almenna bókafélagið, Reykjavík, 65 pp. + 48 plates.
- Þórarinnsson, S. 1974. *Vömin stríð*. *Saga Skeiðarárhlaupa og Grímsvatnagosa*. Menningarsjóður, Reykjavík, 254 pp. + 8 plates.
- Þórarinnsson, S. 1975. Katla og annáll Kötlugosa. *Árbók Ferðafélags Íslands*, 129–149.
- Þórarinnsson, S. 1976. Courses of events. *The Eruption of Hekla 1947–1948* IV, 1, 31 pp.
- Þórarinnsson, S. 1979. The postglacial history of the Mývatn area. *Oikos* 32, 17–28.

S. Steinþórsson

Thorarinsson, S. 1981. The application of tephrochronology in Iceland. *Tephra Studies as a Tool in Quaternary Geology*. S. Self and R. S. J. Sparks (eds.), D. Reidel Publishing Company, Dordrecht, 109–134.

Thorarinsson, S. and B. Vonnegut 1964. Whirlwinds produced by the eruption of Surtsey volcano. *Bull. Am. Meteorol. Soc.* 45, 440–444.

Thorarinsson, S. and G. E. Sigvaldason 1962. The eruption

in Askja 1961. A preliminary report. *Am. J. Sci.* 260, 641–651.

Thorarinsson, S. and G. E. Sigvaldason 1972. The Hekla eruption of 1970. *Bull. Volcanol.* 36, 269–288.

Thorarinsson, S., S. Steinthorsson, Th. Einarsson, H. Kristmannsdottir and N. Oskarsson 1973. The eruption on Heimaey, Iceland. *Nature* 241, 372–375.



Top: Sigurður Þórarinnsson, in his office in June 1962. Below: With Gunnar Guðmundsson in Kverkfjöll during the 1962 spring expedition of the Glaciological Society. Photo/Ljósmynd. Halldór Ólafsson. – *Sigurður Þórarinnsson á skrifstofu sinni sumarið 1962 og með Gunnari Guðmundssyni í Kverkfjöllum í vorleiðangri Jöklarannsóknafélagsins sama ár.*